



# Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðarsmára 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • fjolskylda@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

Kópavogi, 31. ágúst 2019

## **Efni: Umsögn um drög að stefnu um málefni einstaklinga með heilabilun.**

Af hálfu sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu er þess óskað að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri, varðandi þá tillögu sem fram kemur í drögum að stefnu um málefni einstaklinga með heilabilun, um *að lögræðislög nr. 71/1997 verði endurskoðuð á þann veg að ákvæði um ráðsmann geti einnig gilt um einstaklinga með heilabilun, sem muni tryggja mörgum réttindi sem í dag eru óljós og einnig koma í veg fyrir fjölmörg dómsmál vegna fjárræðissviptingar:*

Það er fátt sem er mönnum dýrmætara en að geta ráðið sjálfir eigin högum og í lögræði felast réttindi sem eru á meðal dýrmætustu grundvallarréttinda manna. Það hlýtur því að teljast mikilvægt að svipting þessara réttinda fari einungis fram fyrir dómstólum og í núgildandi löggjöf hafa einungis dómstólar vald til sviptingar lögræðis. Ráðsmannskerfið grundvallast á frjálsum vilja einstaklingsins, en í því felst nánar tiltekið að hvorki er hægt að skipa ráðsmann gegn vilja skjólstæðingsins, né geta aðrir en einstaklingurinn sjálfur sótt um skipun ráðsmanns. Þá glatar einstaklingur, sem hefur fengið skipaðan ráðsmann, rétti til að fara með, ráðstafa og takast á herðar skuldbindingar vegna þeirra eigna sem ráðsmanni hafa verið faldar til umsjónar, en að öðru leyti er hann fjárráða eða m.ö.o. ekki sviptur fjárræði. Það er því eðli málsins samkvæmt mikil réttarvernd fólgin í því fyrir hinn aldraða einstakling að reglur um fjárræðissviptingar, sem eru mun ítarlegri en þær sem um ráðsmennsku gilda, taki við þegar heilsu hans hrakar svo mjög að hann áttar sig ekki á þýðingu ráðsmannsúræðisins og getur þar af leiðandi ekki sinnt hlutverki sínu í hinu tvíþætta eftirliti með störfum ráðsmanns, þ.e. eftirliti af hálfu skjólstæðingsins sjálfs og yfirlögráðanda. Verður ekki framhjá því litið að þegar einstaklingur áttar sig ekki lengur á þýðingu þess að honum hafi verið skipaður ráðsmaður, er ekki lengur hægt að ganga út frá því að úrræðið byggji á vilja einstaklingsins og að hann geti óskað eftir niðurfellingu á skipun ráðsmanns eða óskað eftir því að fá nýjan ráðsmann, ef hann er ekki sáttur við gildandi tilhögun. Má í raun jafna því við, að þar með sér búið að taka af einstaklingi, sem ekki getur gert grein fyrir vilja sínum, vald til þess að hafa umsjón með tilteknum fjármunum sínum, án þess að úrskurður dómstóla liggi fyrir. Felur það í sér mun minna réttaröryggi fyrir einstaklinginn, enda er það í eðli sínu minna íþyngjandi að dómstólar svipti einstakling tilteknum réttindum sínum með úrskurði, en að það sé framkvæmt af hálfu yfirlögráðanda og ættingja einstaklingsins.

Þá má jafnframt benda á hægt er að koma á að svipuðu fyrirkomulagi og ráðsmannsúræðinu með frjálsum umboðssamningi, eða m.ö.o. að einstaklingurinn gefi sjálfur fjárhagslegt umboð áður en sjúkdómurinn er langt á veg kominn og áður en nokkur getur dregið í efa dómgreind hans. Er það í raun úrræði sem hefur verið gripið til af hálfu einstaklinga. Er notkun slíkra frjálsra umboðssamninga jafnframt tiltölulega viðurkennt úrræði meðal grannþjóða okkar. Gallinn við frjálsa umboðssamninga er hins vegar sá að það er ekki opinbert eftirlit af hálfu yfirlögráðanda með umsýslu umboðsmanna og skapar það óhjákvæmilega aukna hættu á fjárhagslegri misneytingu. Á hinn bóginn má segja að sá möguleiki sé fyrir hendi að ættingjar hafi eftirlit með störfum umboðsmannsins, t.d. á þann hátt að umboðsmaðurinn skili þeim yfirlit yfir störf sín með reglulegu millibili eða að nokkrir ættingjar taki að sér í sameiningu að sinna



## Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

umboðsmennskunni og hafi þá eftirlit hver með öðrum. Er það í sjálfu sér ekki slæmur kostur, en það liggur þó ljóst fyrir að ef umboðsmenn eru margir er nauðsynlegt að það liggi skýrt fyrir í umboðinu til hvaða úrræða eigi að grípa ef ósætti kemur upp á milli þeirra.

Virðingarfyllt  
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu  
Fjölskyldusvið

*Ásrún E. Harðardóttir*  
Ásrún Eva Harðardóttir, fagstjóri

